



Mánudaginn, 6. nóvember 2017 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar. Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:20

**Mætt voru:** Brynjólfur Friðriksson, Pálmi Þór Ingimarsson, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Þorsteinn Jóhannsson, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, og Kristín Jóna Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, boðuðu forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning:**

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.

**2. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólanna:**

- a. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá skólastarfi frá síðasta fundi nefndarinnar.*

- i. Sigríður greindi meðal annars frá því að námsmati haustannar væri lokið, niðurstaða úr samræmdu prófum í íslensku væri yfir meðaltali en undir meðaltali í stærðfræði. Nú stendur yfir vinna við að búa til stærðfræðistefnu fyrir skólanna í Austur- og Vestur- Húnavatnssýslu. Gerð var könnun um líðan nemenda í skólanum, reyndist líðan nemenda skólans almennt góð.
- ii. Sigríður greindi, einnig frá því að kennarar Austur- og Vestur- Húnavatnssýslu væru þátttakendur í þróunarverkefni um leiðsagnarmat.
- iii. Sigríður greindi jafnframt frá starfi leikskólans og lagði fram handbókina „Málþroski og læsi“ sem byrjað er að vinna eftir. Alls eru 22 nemendur í leikskólanum.

**3. Viðburðardagskrá framundan:**

- a. *Skólastjóri greindi frá því starfi sem framundan er og það sem nýliðið er.*
- i. Grunnskólanemendur fóru á leiksýningu á vegum Þjóðleikhússins, sem haldin var á Blönduósi um einelti og samskipti.
  - ii. Nemendur í 10 bekk fóru í heimsókn í VMA, MA og á heimvist skólanna.
  - iii. Starfakynning verður haldin 15. nóvember í húsnæði Fjölbautarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, þar sem áhersla verður lögð á störf í iðn-, verk-, tækni- og raungreinum. Öllum nemendum í 8-10. bekk í grunnskólum á svæðinu gefst kostur á að taka þátt í starfakynningunni.
  - iv. Árshátíð Húnavallaskóla verður haldin föstudaginn 24. nóvember.
  - v. Litlu jólin verða haldin 20. desember.
  - vi. Bingó verður 2. mars.

*Handwritten signatures and initials:* JBA, PPI, and other illegible marks.

**4. Fjárhagsáætlun málaflokksins fyrir árið 2018:**

a. Sveitarstjóri greindi frá drögum af fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

**5. Önnur mál:**

a. Rætt var um reglur um leikskólabörn í skólabilum.

i. Fræðslunefnd óskar eftir því við sveitarstjórn að þessar reglur verði afgreiddar sem fyrst.

b. Sveitarstjóri greindi frá því að Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir, hefði sagt starfi sínu lausu sem skólaliði við Húnavallaskóla frá og með áramótum 2017/2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 18:00


  
Brynjólfur Friðriksson

  
Pálmi Þór Ingimarsson

  
Ingibjörg Jónsdóttir

  
Sigríður Aadnegard

  
Ingvar Björnsson

  
Einar Kristján Jónsson